

14. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum.

15. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og falla þá úr gildi lög nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins samkvæmt lögum þessum skal fyrst skipuð frá og með 1. janúar 1996. Frá sama tíma fellur niður umboð og skipun fyrri stjórnar sjóðsins.

Séreignir sýslufélaga skulu við gildistöku laga þessara falla í almenna deild sjóðsins. Séreignir sveitarfélaga skulu greiddar út til viðkomandi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Páll Pétursson.

LÖG

**um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987,
lögum um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992,
og lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum,
nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Um breytingu á umferðarlögum, nr. 50/1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

3. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 115/1992, orðast svo:

Leggja skal á sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs, að fjárhæð 200 kr., og greiðist það við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki. Ráðherra setur reglur um innheimtu gjaldsins og um skil þess í ríkissjóð.

II. KAFLI

**Um breytingu á lögum um vog, mál og faggildingu,
nr. 100/1992, með síðari breytingum.**

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Yfirstjórn Löggildingarstofunnar er í höndum þriggja manna stjórnar sem ráðherra skipar og setur erindisbréf.

III. KAFLI

**Um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og
sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum.**

3. gr.

Í stað „1993–1995“ í ákvæði til bráðabirgða C í lögnum kemur: 1993–1997.

IV. KAFLI

Gildistaka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1995.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.***LÖG****um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1,12%“ í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1,32%.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað „8%“ í c-lið 1. mgr. kemur: 10,5%.
- b. Í stað „15,5%“ í d-lið 1. mgr. kemur: 18,5%.
- c. E-liður 1. mgr. fellur brott.
- d. 2. mgr. orðast svo:

Heimilt er að færa fjármagn milli c- og d-liða.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Jöfnunarframlög skiptast í tvennt, tekjujöfnunarframlög og þjónustuframlög, og skal þeim úthlutað sem hér segir: